

1979 nr. 48 30. maí**Lög um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi**

Tóku gildi 1. janúar 1980. *Breytt með* l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglur²⁾ um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

¹⁾ L. 126/2011, 82. gr. ²⁾ Rg. 161/1975 (um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi).

■ **2. gr.** Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.
□ Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ [Kyrretja skal]¹⁾ skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 19/1991, 195. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

Fylgiskjal.

Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.¹⁾

¹⁾ *Sjá Stjóð. A 1979, bls. 161–188.*